

Samþykkt um kjaramál

5. þing Kennarasambands Íslands ályktar eftirfarandi um kjara- og réttindamál félagsmanna:

Markviss vinna við samningaborðið

Þingið leggur áherslu á eftirtalin atriði í samskiptum samningsaðila:

- Að endurskoðunarákvæði sem sett eru í kjarasamninga verði virt, með sama hætti og önnur ákvæði kjarasamninga.
- Að með löggjöf verði tryggt að vinnuveitendur sem vísvitandi tefja samningagerð sæti ábyrgð.

Metum kennarastarfið að verðleikum

Þingið leggur áherslu á eftirfarandi varðandi launakjör félagsmanna:

- Laun og önnur starfskjör félagsmanna KÍ standist ávallt samanburð við kjör annarra sérfræðinga og stjórnenda á vinnumarkaði en nú fer því víðs fjarri að svo sé.
- Félagsmönnum KÍ með sambærilega menntun og reynslu sé ekki mismunað í launum eftir því á hvaða skólastigi þeir starfa.
- Kjör félagsmanna KÍ verði eftirsóknarverð og samkeppnishæf til launa á vinnumarkaði.

Launatryggingar

Þingið leggur áherslu á að koma verður í veg fyrir að laun kennara félagsmanna KÍ dragist sífellt aftur úr viðmiðunarhópum.

- Laun kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnenda hafa tilhneigingu til þess að dragast aftur úr launum annarra hópa vegna launaskriðs samanburðarhópa. Til þess að leiðrétta þetta hafa þessar stéttir, á fárra ára fresti, þurft að berjast fyrir hlutfallslega meiri launabreytingum en flestir aðrir launamenn. Nauðsynlegt er að finna leiðir til þess að brjóta þetta mynstur upp, til dæmis með því að hækka laun ofangreindra aðila í takt við laun viðmiðunarhópa.

Leiðsögn kennaranema og samningsumboð KÍ

Þingið bendir á að samningsumboð vegna leiðsagnar með kennaranemum og nemum í náms- og starfsráðgjöf í starfsþjálfun er hjá Kennarasambandi Íslands. Þingið krefst því að:

- Leiðsögn félagsmanna KÍ með kennaranemum og nemum í náms- og starfsráðgjöf í starfsþjálfun í skólum landsins sé launuð með sanngjörnum hætti og bundið kjarasamningi viðkomandi aðildarfélags KÍ.

Kennslureynsla metin milli skólagærða

Þingið leggur áherslu á að litið verði á skólagöngu nemenda sem eina heild og starf kennara sömuleiðis. Þingið krefst því að:

- Kennslureynsla sé ævinlega metin til launa og réttinda milli allra skólagæða.

Vinnuvernd og starfsendurhæfing

Þingið leggur áherslu á eftirfarandi atriði varðandi vinnuvernd og starfsendurhæfingu félagsmanna KÍ:

- Mikilvægi vinnuumhverfismála og nauðsyn á samstarfi við vinnuveitendur um þau mál.
- Mikilvægi starfsendurhæfingar og fagnar um leið þeim áfanga sem náðst hefur með stofnun Starfsendurhæfingarsjóðs.

Bætt kjör trúnaðarmanna

Þingið leggur áherslu á mikilvægi trúnaðarmanna og ályktar eftirfarandi varðandi kjör og starfsaðstæður þeirra:

- Að starfskjör trúnaðarmanna verði bætt, svo sem hvað varðar:
 - tími til að sinna störfum,
 - starfsaðstöðu,
 - umbun fyrir störf,
 - símenntun.

Réttur félagsmanna til fastráðningar

Þingið leggur áherslu á eftirfarandi varðandi ráðningafestu félagsmanna KÍ:

- Að samnings / lögbundinn réttur félagsmanna til fastráðningar verði virtur.